

Mál nr. 298/2010

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns A

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna áreksturs á Miklubraut í Reykjavík þ. 17.12.2007.

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.9.2010 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.14.10.2010

## Málsatvik.

M ók bifreiðinni A eftir Miklubrautinni í Reykjavík þ. 17.12.2007 og ók aftan á bifreið. M segir í lögregluskýrslu að hún hafi ekið á eftir annarri bifreið sem hafi skyndilega skipt um akrein en þá hafi kyrrstæði bifreið verið fyrir framan hana og hún ekið aftan á kyrrstæðu bifreiðina. M segist ekki hafa verið í öryggisbelti í umrætt sinn. Í læknisvottorði sama dag og árekstur varð segir að M hafi verið með mar á höfði og verki í vinstri öxl, en ekki talin hafa alvarlega áverka. Í læknisvottorði dags. 13.7.2010 segir að M hafi átt við höfuðverkjavanda að stríða í kring um 11 ára aldurinn og síðar talin hafa migraine. Þá segir að M hafi næst komið á heilsugæslustöð í Mjódd sérstaklega vegna þessa slyss þ. 18.2.2009 en þá hafði hún nokkru áður fengið skyndilegan verk í hálsinn þar sem hún sat í sofa. Við þá lækni skoðun sagðist M hafa krónískan höfuðverk og hafi lengi þurft að taka verkjalyf vegna þess einnig að hún hafi lent í bifreiðaslysi og hafi bakvandamál í framhaldi af því en ekki hálsvandamál. Þá segir í umræddu vottorði að um sé að ræða konu sem hafi haft stoðkerfisvandamál fyrir slysið 2007.

M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V sbr. 92.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af hálfu M er því haldið fram að höfnun V á bótaskyldu sé óeðlileg og M eigi að fá að njóta vafans og fá að undirgangast örorkumat á kostnað V þar sem atriði málsins verði metin í stað þess að V leggi einhliða mat á atriði málsins. Þá er á það bent af hálfu M að hún hafi lent í hörðum árekstri og höfuð hennar hafi slengst í framrúðuna með þeim afleiðingum að rúðan hafi brotnað og bifreiðin tjónast mikið. Af þeim sökum séu veruleg líkindi fyrir tognunaráverka og varanlegum afleiðingum slyssins hvað varðar heilsufar M. Þá er á það bent af hálfu M að í þeim lækni-fræðilegu gögnum sem fyrir liggja í málinu þá sé ljóst að áreksturinn hafi valdið M líkamlegum afleiðingum sem hún hafi ekki fundið fyrir áður en slysið varð. M telur því ljóst að uppfyllst sé bæði skilyrði um orsakatengsl og varanlegar afleiðingar slyssins.

V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að umrætt umferðarslys hafi valdið M varanlegu heilsutjóni og jafnframt séu ósönnuð orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M lýsi fyrir læknum samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorðum. Þá vísar V sérstaklega til þess að M hafi ekki tekist að sanna tjón sitt en meginreglan sé sú að sá sem krefst bóta eða viðurkenningar á bótaskyldu verði að sanna tjón sitt. Þá vísar V í yfirmatsgerð sem lögð hafi verið til grundvallar í máli Hæstaréttar nr. 683/2009 þar sem segir að það sé skoðun yfirmatsmanna að mestar líkur séu á að líkamleg einkenni hvort heldur tognun eða brot eða aðrir áverkar komi fram strax eða fljótlega eftir slys, en ólíklegt að einkenni sem koma fram meira en 6 mánuðum eftir slys tengist því. Þá vísar V til þess að M hafi ekki leitað til læknis frá slysdegi vegna þess fyrr en 14 mánuðum eftir að slys varð.

## Álit.

Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem sýna fram á orsakatengsl líkamstjóns M og árekstursins sem M lenti í þ. 17.12.2007. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns frá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 2.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.